

Ráðherranefndartilgá um sáttmálaáætlun á sviði vinnómála 2022–2024

1. Inngangur

Norræn ráðherranefndin um vinnómál (MR-A) kynnir hér nýja þriggja ára sáttmálaáætlun fyrir tímabilið 2022–2024.

MR-A hefur sáttmálaáætlun fyrir tímabilið 2022–2024. Markmið sáttmálaáætlunnar er að mærk stefnumarkandi áherslur formlegs sáttmáls norræn ríkisstjórnanna á sviði vinnómála fyrir tímabilið 2022–2024.

Svið vinnómála tekur til atvinnuþátttöku, vinnuþátttöku, starfshverfis og vinnuréttur. Sáttmálaáætlunin snýst að verulegum leyti um greiningu og samráð um þætti sem er líkt og ólíkt með þætti og árangri löndanna að því er viðkemur samkeppnishæfni áskorunum. Sáttmálaáætlunin á jafnframt að veru pólitískri stefnumörkun í löndum hvítning en einnig vettvangur til að vinna samþun að viðeigandi málefnum sem skap norrænt notgildi, til dæmis í þeim tilvikum sem betri árangur næst þegar löndin tæk höndum samþun en þegar þær vinna hvert fyrir sig.

Sáttmálaáætlunin tekur mið af framtíðarsýn Norræn ráðherranefndarinnar 2030 og fræmkaemdáætlun hennar. Hún ætla á störfsemi á sviði vinnómála sem ætlað er til að þupfylli markmiðin í framtíðarsýninni á næstu þremur árum. Gildistími sáttmálaáætlunnar MR-A er venjulegur fjögur ár en til að lög sáttmálaáætlunnar betur að tímálaáætlun framtíðarsýnarinnar er hún látin gilda til og með ársins 2024.

Sáttmálaáætlunin er fjármögnuð af fjárhagsáætlun MR-A. Hún er leiðbeinandi og leggur grunn að störfsemi nefndanna þriggja og annarrar þátt sviðsins. Önnur svið leggur til viðbót fjármögn þegar þessi er að þverlægum verkefnum.

2. Bakgrunnsupplýsingar

Vinnuáætlunin gerð nýrri sáttmálaáætlun fyrir tímabilið 2022–2024 hófst í ársbyrjun 2020 og tekur mið af framtíðarsýn Norræn ráðherranefndarinnar fyrir 2030 og fræmkaemdáætlun hennar. Markmið sáttmálaáætlunnar er sett með hliðsjón af þremur stefnumarkandi áherslum framtíðarsýnarinnar: Grænum Norðurlöndum, samkeppnishæfum Norðurlöndum og félagslegu sjálfbærnum Norðurlöndum. Auk þess veru ákveðið að úttektir, málefni og tillögur úr skýrslunni *Future of Work in the Nordic Countries – Opportunities and Challenges for the Nordic Working Life Models*



4. Mat á áhrifum á börn og ungmenni, jafnrétti og sjálfbæra þróun

Hin þverlæga sjónrhorn Norræna ráðherra nefndarinnar, börn og ungmenni, kynjajafnrétti og sjálfbær þróun, verð fléttð inn í samstærfsáætlunina. Samstærfsáætlunin rennir þannig frekari stoðum undir þessu málflokk.

5. Samstarfið/skipulag

Ráðherra nefndin um vinnuálg, MR-A, hefur umsjón með og stýrir samstærfi á vegum Norræna ráðherra nefndarinnar um vinnuálg. Norræna embættismannnefndin um vinnuálg, EK-A, hefur með höndum undirbúning tillögna um vinnuálg fyrir umfjöllun og ákvæðunartök vinnuálg ráðherra nefndarinnar skiptingur fjárhagsáætlunar ráðherra nefndarinnar á sviðinu. Þjár fæstnefndir eigu undir EK-A: Vinnuálgarkæðsnefndin, Vinnuálgmhverfisnefndin og Vinnuálgrettarnefndin. Við hlið nefndanna stærfur enn fremur Norræni-bæltneski-pólski ESB-hópinn um upplýsinguálg. Á gildistímu áætlunarinnar verð enn fremur skipuðir tímabundnir hópur eftir þörfum.

Skrifstofa Norræna ráðherra nefndarinnar undirbýr álg til umfjöllunar í ráðherra nefndinni og viðkomandi embættismannnefnd og sér um uð ullar ákvæðunir um vinnuálg komi til fræmkvæmdur.

6. Fjárhagsáætlun/Fjárhags- og mannauðsáhrif

Fjárhagsræmmi MR-A árið 2021 nemur 14,4 millj. DKK en þuð er 5,2 prósentu skerðing frá árinu 2020. Þá geru samstærfsráðherrarnir, MR-SAM, ráð fyrir skerðing í áföngum innu fjárhagsræmmu MR-A í læslægum fjárhagsræmmu fyrir árin 2022–2024 sem nemur ulls 15 prósentum.

SAMSTARFSÁÆTLUN NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR UM VINNUMÁL 2022–2024

Efnisyfirlit

1.	Formáli	1
2.	Inngangsorð	3
3.	Stefnumarkandi áherslur.....	4
3.1	Græn Norðurlönd.....	4
3.2	Samkeppnishæf Norðurlönd	5
3.3	Félagslega sjálfbær Norðurlönd.....	6
4.	Samstarf um ESB-mál og við aðila á alþjóðavettvangi	7
5.	Skipulag samstarfsins	7
5.1	Þverlægar stefnur	8
6.	Mat á samstarfsáætluninni	8
	Fylgiskjal 1: Stefnumarkandi umboð NIVA.....	8

1. Formáli

Sameiginlegur norrænn vinnumarkaður er hornsteinn norræns samstarfs og hefur haft grundvallarþýðingu fyrir þróun norræns velferðarsamfélags. Samningurinn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað frá árinu 1954 hefur vísað leiðina að lausnum á sameiginlegum áskorunum auk þess sem hann hefur stuðlað að bættu starfsumhverfi og fjölgun atvinnutækifæra fyrir Norðurlandabúa.

Þegar við nú horfum fram á veg blasa við ný og sameiginleg úrlausnarefni fyrir Norðurlönd í heild. Loftslagsógnin krefst grænna umskipta í átt að aukinni sjálfbærni og jöfnuði og það á jafnt við um vinnumálin sem aðrar greinar samfélagsins. Frekari stafvæðing og tækni framfarir hafa einnig í för með sér verulegar breytingar á mörgum vinnustöðum og kröfur um aðlögun. Breytingarnar hafa enn fremur áhrif á félagslegt öryggiskerfi landanna, stöðir hins norræna velferðarlíkans.

COVID-19-faraldurinn hefur gert öllum erfitt fyrir og haft breytingar í för með sér, ekki síst á sviði vinnumála. Aðlögun vegna faraldursins hefur að mörgu leyti hraðað ýmsum breytingum sem telja má að verði varanlegar. Þetta eigum við að hagnýta okkur í því skyni að styrkja norrænan vinnumarkað og auka stöðugleika hans og viðnámsþrótt þegar aftur krepur að.



Þegar allur heimurinn tekur breytingum er afar brýnt að við séum viðbúin og látum ekki okkar eftir liggja við þróun vinnumála framtíðarinnar. Sú kerfisbreyting sem leiðir af lýðfræðilegri þróun, hnattvæðingu, stafrænni tæknivæðingu og grænum umskiptum hefur í för með sér vandasöm úrlausnarefni en einnig tækifæri. Sumar atvinnugreinar hverfa en aðrar verða til. Í þessu sambandi ber að leggja áherslu á heilbrigði og öryggi launafólks að störfum. Norræna vinnumarkaðslíkanið er einstakt í sinni röð og leggur grunn að góðum árangri við að tryggja að vinnuafli á Norðurlöndum búi yfir hæfni til að móta enn betri vinnumarkað í allra þágu.

Þeir straumar og stefnur sem hér hefur verið fjallað um munu móta vinnumál framtíðarinnar að verulegu leyti en þau mótast þó ekki af tækniþróuninni eða öðrum tískubylgjum eingöngu. Það er þvert á móti opinber stefnumörkun sem ræður hver áhrif þessara breytinga verða. Við eigum að halda áfram að stuðla að almennri samfélagsþátttöku, vellíðan starfsmanna, jafnrétti og tækifærum ungs fólks og minnihlutahópa til að gera sig gildandi í heilbrigðum samfélögum án staðalímynnda. Sömuleiðis eigum við að halda áfram samvinnu milli mismunandi sviða svo að nálgun okkar við áskoranir framtíðarinnar verði staðföst og vinnumála- og velferðarkerfið á Norðurlöndum öflugra.

Samstaðan á Norðurlöndum er engri lík og það eigum við að nýta okkur til að finna bestu og sjálfbærustu lausnirnar á sameiginlegum vandamálum. Saman getum við náð markmiðunum um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Tuula Haatainen,
vinnumálaráðherra Finnlands

Hanna Sarkkinen,
félags- og heilbrigðisráðherra Finnlands

Fyrir hönd formennskulandsins Finnlands í Norrænu ráðherranefndinni 2021





2. Inngangsorð

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A) 2022–2024 er ætlað að efla þróun, auka þekkingu og bæta starfshætti til að takast á við sameiginlegar áskoranir á sameiginlegum vinnumarkaði Norðurlanda að meðtöldum Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi. Markmiðið er að vinna að lausnum, hugmyndum og aðgerðum til að stefnumótunin eigi greiðan framgang í löndunum. Markmiðið er einnig að styrkja sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum, stuðla að framþróun norræns vinnumarkaðslíkans sem er einstakt í sinni röð, fækka stjórnsýsluhindrunum, tryggja gott starfsumhverfi og -skilyrði á norrænum vinnustöðum og annast skipulag varðandi sameiginleg sjónarmið og yfirlýsingar á sviðum sem skila meiri ávinningi ef löndin vinna saman fremur en hvert fyrir sig.

Norrænt notagildi er keppikefli og grundvallarforsenda fyrir samstarfinu. Samstarfið snýst um sameiginlega hagsmuni Norðurlanda og sameiginleg úrlausnarefni. Vöxtur þess og framþróun gengur betur þegar löndin skiptast á upplýsingum um reynslu sína, styðja hvert annað með færni sinni og tengjast hverju öðru um samstarfsnet. Af sömu ástæðum er samstarf stjórnvalda mikilvægt í augum MR-A.

Samstarfsáætlunin tekur mið af Framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar 2030 um að Norðurlönd eigi að vera samþættasta og sjálfbærasta svæði heims árið 2030 auk áherslusviðanna þriggja í þeirri framtíðarsýn: Græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Samstarfsáætlunin útfærir þannig framkvæmdaáætlun framtíðarsýnarinnar og markmið hennar tólf og sýnir hver afraksturinn af norrænu samstarfi þarf að vera til ársins 2024 og hvaða svið eigi að vera í brennidepli. Starfsemi fagsviðsins um vinnumál árin 2022–2024 stuðlar að uppfyllingu margra af þessum tólf markmiðum framtíðarsýnarinnar. Einkanlega stendur í markmiði 7 í framkvæmdaáætluninni: *Norrænu ráðherranefndinni ber að þróa færni og öfluga vinnumarkaði sem standast kröfur grænna umskipta og stafrænnar þróunar og sem styðja frjálssa för á Norðurlöndum.*

12 visionsmál





Hinu umfangsmikla rannsóknarverkefni MR-A *The Future of Work: Opportunities and Challenges for the Nordic Models* lauk árið 2021. Niðurstöðurnar úr verkefningu og tilmæli mynda mikilvægan þekkingargrunn og viðmið fyrir samstarfsáætlunina. Heimsfaraldurinn kórónuveiru varpar auk þess skugga sínum á áætlunina og verður óhjákvæmilega miðdepill sem allt snýst um á gildistíma hennar.

Árið 2024 er ekki aðeins lokaár áætlunarinnar, þá verða og liðin 70 ár frá gerð *Samnings um sameiginlegan norrænan vinnumarkað*. Verður þessa minnst vegna þess að samkomulagið olli straumhvörfum á sinni tíð og verður auk þess að teljast grunnþáttur norræns samstarfs eins og það leggur sig.

Samstarfsáætlun þessi var samþykkt hinn **XX**. nóvember 2021, tekur gildi 1. janúar 2022 og rennur út í lok árs 2024.

3. Stefnunarkandi áherslur

Vinnumarkaðurinn er burðarás norræns velferðarríkis, grundvöllur atvinnulífsins og mikilvægur sérhverjum borgara. Fjölmenn og hæft vinnuafli, góð starfskjör og gott vinnuumhverfi sem stendur opið bæði konum og körlum hefur úrslitapýðingu um að takist að skapa græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Þessi þrjú áherslumál eru svo nátengd hvert öðru að eitt getur ekki orðið að veruleika án hinna. Samstarf ráðherranefnda og samstarf við borgaralegt samfélag er grundvallarforsenda þess að heppilegustu lausnirnar finnist og ávinningur náist. Auk þess skiptir þríhliða samráð ríkis og aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndum miklu máli. Er þá ekki einungis átt við þætti á borð við laun og vinnutíma heldur einkum og sér í lagi þætti sem varða til dæmis græn umskipti og jafnrétti. Út á þetta gengur starfsemi MR-A á gildistímanum 2022–2024.

3.1 Græn Norðurlönd

Saman hyggjumst við greiða fyrir grænum umskiptum í samfélaginu og beita okkur fyrir kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásar- og lífhagkerfi.

Markmið: Að sjá svo til að mannaflinn sé hæfur til að mæta grænum umskiptum

Margt bendir til að græn umskipti hafi ekki fækkun starfa í för með sér heldur skapi ný störf á öðrum sviðum. Þess vegna er mikilvægt að sjá til að mannaflinn, karlar og konur, búi yfir hæfni til að mæta þörfum grænna umskipta. Með sama hætti er mikilvægt að beina þeim sem eiga á hættu að missa vinnu sína og atvinnutækifæri vegna grænna umskipta á rétta braut til nýrra starfa. Í þessu sambandi hafa meðal annars færniþróun, hæfnisauki, endurmenntun og framhaldsmenntun mikilvægu hlutverki að gegna. Græn umskipti heppnast ekki nema framangreint sé tryggt og skiptir það auk þess höfuðmáli eigi græn umskipti ekki að valda auknu ójafnræði og mótstöðu.

Framkvæmdaraðili: MR-A í samstarfi við MR-S, MR-R, MR-U og Sérfræðinganeftndina um sjálfbæra þróun.

Markmið: Að sjá svo til að grænu umskiptin skapi góð atvinnutækifæri

Vinna verður ákveðið að því að treysta grunninn að réttlátum grænum umskiptum til hagsbóta fyrir bæði karla og konur á vinnumarkaði og sömuleiðis í þágu æskilegs starfsumhverfis. Markmiði þessu skal náð með virku og dyggu samráði vinnuveitenda, launafólks, almennasamtaka og stjórnvalda á grundvelli vísindalegra niðurstaðna. Vinnumarkaðslíkan Norðurlanda, sem er einstakt í sinni röð og byggist á þríhliða samstarfi, skiptir sköpum í þessu skyni.

Framkvæmdaraðili: MR-A og EK-A.



3.2 Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum sem byggist á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.

Markmið: Að auka atvinnuþátttöku viðkvæmra hópa

Öflugur vinnumarkaður er háður atvinnuþátttöku eins margra kvenna og karla á vinnufærum aldri og kostur er en mikil atvinnuþátttaka er sömuleiðis forsenda sjálfbærs velferðarkerfis og lykilatriði við sköpun samkeppnishæfra og félagslega sjálfbærra Norðurlanda. Auk þess undirstrikar hækkingu meðalaldur íbúa þýðingu þess að fleiri fari út á vinnumarkaðinn og að atvinnuþátttaka hafi mikið að segja um félagsleg fræðilegar aðstæður viðkomandi. Á áætlunartímanum verður sérstök áhersla lögð á aukna atvinnuþátttöku flóttamanna og innflytjenda, ungs fólks (þar með talið NEET¹), fólks með fötlun og eldri borgara. Aðgerðirnar rúmast innan ramma þverlægrar framkvæmdaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar, Framtíðarsýnar okkar 2030.

Framkvæmdaraðili: Vinnumarkaðsnefndin og Vinnuumhverfisnefndin.

Markmið: Að ná stöðugleika á norrænum vinnumarkaði eftir áföllin af völdum COVID-19 og búa hann undir hugsanleg áföll í framtíðinni

Vorið 2020 tók kórónuveirufaraldurinn að geisa og réðust þá öll norrænu löndin í sóttvarnaraðgerðir, mismiklar þó, og urðu öll fyrir efnahagslegum skakkaföllum.

Vinnumarkaðurinn fór engan veginn varhluta af afleiðingunum eins og sjá má á atvinnuleysinu, atvinnumynstrinu og stafrænu tækninni sem ruddi sér til rúms í vinnunni. Til að bregðast við afleiðingunum og standa þær af sér kynntu löndin til sögunnar ýmiss konar björgunarpakka og styrktarkerfi. MR-A hyggst á gildistíma áætlunarinnar efla fróðleik og þekkingu um reynslu vinnumarkaðarins í löndunum af COVID-19. Tekur það enn fremur til mismunandi stefnumörkunar sem lá að baki aðgerðum, skerðingum og lokunum auk afleiðinga þeirra, meðal annars út frá kynjasjónarmiði. Verður einnig óskað eftir upplýsingum um hvernig vinnumarkaðurinn leitar stöðugleika á ný eftir áföllin, hvaða langvinnu eða viðvarandi breytingar hafi orðið á atvinnulífinu og hinu norræna vinnumarkaðslíkani til langs tíma litið og hvernig viðbúnaðurinn er gagnvart viðlíka áföllum í framtíðinni. Aðgerðirnar rúmast innan ramma þverlægrar framkvæmdaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar, Framtíðarsýnar okkar 2030.

Framkvæmdaraðili: MR-A, EK-A, Vinnumarkaðsnefndin, Vinnuumhverfisnefndin, Vinnuréttarnefndin og Áætlunin um aðlögunarmál.

Markmið: Að sjá svo til að aðstæður á vinnumarkaði séu öruggar

Veigamikil forsenda fyrir samkeppnishæfni Norðurlanda er að séð verði til að samkeppni sé sanngjörn og aðstæður öruggar á vinnumarkaði. Norðurlönd standa saman að baki frjálsri samkeppni og hreyfanleika en því fylgir óbifanleg og samfelld barátta gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði og félagslegum undirboðum. Brotastarfsemi á vinnumarkaði og félagsleg undirboð láta ekki landamæri hefta sig og þess vegna er þörf á samstarfi milli landa og sviða, gagnkvæmri upplýsingagjöf um reynslu og sameiginlegri stefnumörkun. Því stefnir MR-A að því á áætlunartímanum að afla nánari þekkingar á grunni rannsókna um hvað sé gagnlegt og skilvirkt og kanna möguleika á enn nánari samskiptum um mismunandi reynslu sem og á öflugra hagnýtu samstarfi.

¹ Not in Education, Employment, or Training



Framkvæmdaraðili: MR-A, EK-A, Vinnuumhverfisnefndin, NIVA og Vinnuréttarnefndin.

Markmið: Að finna lausnir á áskorunum sem atvinnumál framtíðarinnar standa andspænis

Margt hefur áhrif á og breytir atvinnulífinu eins og við þekkjum það. Oft er megináherslan á tækni og stafvæðingu sem hvort tveggja breytir hefðbundnum starfsaðferðum og leiðir til nýrra, til dæmis á svokölluðum vefvangi. En fleira hefur áhrif, svo sem lýðfræðilegar breytingar, fólksflutningar, loftslagsbreytingar og efnahagsleg og pólitísk þróun á borð við hnattvæðingu, evrópska samþættingu, minni jöfnuður og jafnrétti karla og kvenna. Þessi margbreytilegu öfl toga hvert í sína átt af mismunandi afli og þarf að bregðast við á viðeigandi hátt til að leysa úr þeim málum sem að höndum ber vegna þeirra og grípa tækifærin sem gefast. Meðan áætlunin er í gildi mun MR-A með hliðsjón af niðurstöðum verkefnisins *The future of work: Opportunities and challenges for the Nordic models* stefna að því að starfsumhverfi bæði karla og kvenna á vinnumarkaði framtíðarinnar verði ákjósanlegt, bæði í hlutlægri og huglægri merkingu, og að vinnuaflid búi yfir nauðsynlegri færni og þekkingu um starfsskilyrðin og geti samfelldt alla sína starfsævi sótt sér endurmenntun (símennntun) svo að það megni að takast á við breytingar og nýta sér ný atvinnutækifæri. Þessu til viðbótar hyggst MR-A stuðla að almennilegum launakjörum og starfsskilyrðum á vinnumarkaði framtíðarinnar auk þess að réttindi launafólks séu virt. Í þessu sambandi er þróun og hagnýting á hinu einstaka þríhliða vinnumarkaðslíkani Norðurlanda afar mikilvægt.

Framkvæmdaraðili: MR-A, EK-A, Vinnumarkaðsnefndin, Vinnuumhverfisnefndin og Vinnuréttarnefndin.

3.3 Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að stuðla að samfelldu svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Markmið: Að efla heilbrigt og öruggt vinnuumhverfi

Mikilvægt er að tryggja heilbrigt og sjálfbært vinnuumhverfi í allra þágu starfsævina á enda, bæði í hlutlægum og huglægum skilningi, til að viðhalda þeim auði sem í vinnuaflinu býr. Í þessu skyni er mikilvægt að sjá svo til að þekking sé fyrirliggjandi um vinnuumhverfi, skilvirkar vinnuumhverfisstefnur og eftirlitsaðferðir en auk þess skipta fyrirbyggjandi aðgerðir fyrirtækja verulegu máli í þessu sambandi.

Framkvæmdaraðili: MR-A, EK-A, Vinnuumhverfisnefndin, NIVA og MR-JÄM.

Markmið: Að treysta frjálst flæði og draga úr eða koma í veg fyrir nýjar stjórnsýsluhindranir

Frjálst flæði á Norðurlöndum greiðir fyrir skilvirkum vinnumarkaði meðal annars með því að stuðla að samsvörun milli hæfni mannaflans og þarfa vinnuveitenda. Sameiginlegur norrænn vinnumarkaður á rætur sínar að rekja 65 ár aftur í tímann og til að hann verði áfram aðgengilegur öllu vinnufæru fólki í þeirri mynd þarf að vinna stöðugt að frjálsara flæði og gegn stjórnsýsluhindrunum, gömlum og nýjum. Mikilvægt er að hafa frjálsa för ungs fólks í huga í þessu sambandi enda ofarlega á dagskrá hjá ýmsum öðrum ráðherranefndum.

Framkvæmdaraðili: MR-A, EK-A, Vinnumarkaðsnefndin, Vinnuréttarnefndin og Nordjobb.

Markmið: Að sjá svo til að strjálbýl svæði verði félagslega sjálfbær



Góðar aðstæður fyrir menntun, samfélagsþátttaka og aðgangur að heilbrigðis- og velferðarkefi ráða úrslitum um skilvirkni og sjálfbærni strjálra byggða. Því vill MR-A afla aukinnar þekkingar á gildistíma áætlunarinnar um hvernig skapa megi réttar forsendur fyrir framangreint, einkum með það í huga að tryggja viðeigandi færni og hreyfanleika vinnuafis á þessum sviðum.

Framkvæmdaraðili: MR-A í samstarfi við MR-S, MR-R, MR-U og MR-N.

Markmið: Að efla jafnræði og jafnrétti í atvinnulífinu

Jafnræði og jafnrétti á vinnumarkaði eru grundvallarskilyrði fyrir því að allir íbúar norrænu ríkjanna komist út á vinnumarkaðinn þannig að allir þeir hæfileikar sem vinnuaflið býr yfir fái notið sín. Til að það megi verða er afnám mismununar á grundvelli aldurs, kyns, kynvitundar, kynhneigðar, þjóðernisuppruna, fötlunar, trúar eða annarrar lífsskoðunar algerlega nauðsynlegt. Markmið þetta á að vera eins og rauður þráður í starfseminni, þverlægt keppikefli í öllu starfi MR-A, en ekki einungis eins og hvert annað markmið.

Framkvæmdaraðili: MR-A í samstarfi við MR-JÄM, MR-K, NORDBUK og Áætlunina um aðlögunarmál.

4. Samstarf um ESB-mál og við aðila á alþjóðavettvangi

MR-A á samstarf um ESB-mál og væntanlega löggjöf frá framkvæmdastjórn ESB. Þetta samstarf á sér ýmsar hliðar. ESB-mál eru meðal annars rædd reglulega á öllum fundum MR-A, Norrænu embættismannanefndarinnar um atvinnulíf (EK-A) og í undirnefndum allra sviða (Vinnumarkaðsnefndinni, Vinnuumhverfisnefndinni og Vinnuréttarnefndinni). Vinnuréttarnefndin er umfram allt upptekin af Evrópumálum og einbeitt sér bæði að lagagerð á fyrstu stigum, samningsviðræðum, framfylgni ESB-löggjafar og niðurstöðum ESB-dómstólsins. Norræni-baltneski-pólski upplýsingahópurinn um málefni Evrópusambandsins fylgist einnig með straumum og stefnum í vinnumálum á vettvangi ESB.

MR-A beinir sameiginlegum athugasemdum til ESB þegar um er að ræða hagsmunamál sem varða Norðurlönd í heild. Það er gert með yfirlýsingum, fyrirspurnum, bréfum o.fl.

Ekki aðeins ESB heldur einnig Alþjóðavinnuáætlunastofnunin (ILO) er snar þáttur í samstarfi MR-A. Á það aðallega við um störf stofnunarinnar að vinnumálum framtíðarinnar sem tengjast rannsóknarverkefni ráðherranefndarinnar sjálfar um sama efni. Þessu til viðbótar fer fram óformlegt norrænt samstarf um ILO-mál og eitt norrænt ríki á alltaf fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.

Auk þess er stuðst við faglega þekkingu og greiningar Alþjóða efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD á aðstæðum á vinnumarkaði. Í norrænu samstarfi um vinnumál á áætlunartímanum verður ekki síst byggt á yfirliti OECD um hæfni fullorðinna (PIAAC).

Fulltrúum frá ESB, OECD og ILO verður boðið á fundi og ráðstefnur og ýmsa aðra viðburði.

5. Skipulag samstarfsins

MR-A ber meginábyrgð á norrænu samstarfi í vinnumálum. EK-A hefur skipulag samstarfsins með höndum og gerir áætlun um og skiptir fjárveitingum MR-A innan sviðsins. Sveigjanleg uppbygging er mikilvæg ef norrænt samstarf á sviði vinnu- og vinnumarkaðsmála á að geta hrint í framkvæmd og fylgt



eftir mikilvægum málum sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. EK-A hefur sett á fót þrjár fastanefndir, Vinnumarkaðsnefndina, Vinnuumhverfisnefndina og Vinnuréttarnefndina, og skipar sérstaka starfshópa ef þess gerist þörf. Auk nefndanna starfar einnig Norræni-baltneski-pólski upplýsingahópurinn um málefni Evrópusambandsins en hann fylgist einkum með starfsemi ESB á sviði vinnumarkaðsmála, löggjafar þeim tengdum og vinnuumhverfis.

Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA) tilheyrir enn fremur norrænu samstarfi um vinnumál, sbr. bls. XX. Loks á MR-A í samstarfi við aðrar norrænar stofnanir svo sem Norrænu velferðarmiðstöðina (NVC) og NordForsk. Jafnframt fjármagnar ráðherranefndin að hluta til Nordjobb-áætlunina sem er ferðastyrkja- og þróunaráætlun fyrir unga Norðurlandabúa sem vilja vinna sumarstörf í öðru norrænu landi (www.nordjobb.net). Þá fjármagnar ráðherranefndin upplýsingaverkefni um vinnumál á Norðurlöndum á skandinavísku og ensku (www.arbejdslivinorden.org) og fréttabréfið EU & Arbejdsret (ESB og vinnuréttur).

MR-A hefur um langt skeið fengið til samstarfs og unnið með aðilum vinnumarkaðarins og er fulltrúum vinnuveitenda og launafólks iðulega boðið til funda í ráðherranefndinni og ýmissa viðburða formennskulandsins. Auk alls þessa hagnýtir ráðherranefndin sér samstarfsnet Norrænu ráðherranefndarinnar og almennasamtaka og hefur opið samráð við ýmis tækifæri.

5.1 Þverlægar stefnur

Stefna Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða að því er snertir réttindi barna og málefni ungmenna² er sjálfsgætt og altækur þáttur í samstarfinu. Sama á við um inngilding og fötlunarmál.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun endurspeglast í samstarfsáætlun MR-A, einkanlega markmið númer 8 um mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir alla. Áætlunin stuðlar einnig að því að markmið 4 um góða menntun náist sem og markmið 5 um jafnrétti kynjanna og markmið 10 um aukinn jöfnuð.

Þetta þýðir í framkvæmd að kerfisbundið sé gætt að og afstaða tekin til þessara sjónarmiða í allri starfsemi ráðherranefndarinnar. Ábyrgðin hvílir á öllum sem vald hafa til að taka ákvarðanir, þar á meðal og umfram allt á MR-A, EK-A og undirnefndunum þremur auk starfsmanna og aðila norræns samstarfs.

6. Mat á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlun MR-A fellur úr gildi í lok árs 2024. Samstarfsáætlunin endurspeglast í fjárhagsáætlun MR-A og það á að tryggja framkvæmd hennar. Mat á áætluninni fer fram tímanlega áður en gildistíminn rennur út og verður viðmið fyrir starfsemi sviðsins í framhaldinu.

Fylgiskjal 1: Stefnumarkandi umboð NIVA

² <http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1476957&dsid=3547>



Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA) er norræn samstarfsstofnun á sviði norræns samstarfs í vinnumálum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (www.niva.org). Starfsemi NIVA byggist á stefnumarkandi umboði sem Norræna embættismannanefndin um vinnumál (ÄK-A) ákveður. NIVA er fyrst og fremst ætlað að vera vettvangur fræðslu um vinnumál.

NIVA á að skapa umræðu um mikilvæg nýstárleg málefni varðandi starfsumhverfi sem stuðla að bættu atvinnulífi á Norðurlöndum. Auk þess á NIVA, í samræmi við tilmælin sem leiddi af síðasta mati á störfum stofnunarinnar, að skapa norrænan virðisauka með því að halda námskeið sem byggjast á rannsóknum, vefþing, málstofur og málþing á háskólastigi, einkum á sviðum þar sem krítískur massi í hverju landi er ófullnægjandi.

NIVA á að stuðla að því að markmiðin í framtíðarsýn um norrænt samstarf fyrir árið 2030 náist með því að flétta inn í starfsemi sína sjónarmið um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Mestar líkur eru á að það heppnist vel ef aukin áhersla er lögð á aflvaka á borð við tækniþróun, hnattvæðingu, lýðfræðilegar breytingar og loftslags- og umhverfismál auk áhrifa sem allt þetta hefur á atvinnulíf og vinnuumhverfi.

Vinnuumhverfissviðið er þverfaglegt og breytast viðfangsefnið í takt við breytingar á vinnumarkað. NIVA á að taka þátt í að fræða og leiðbeina sérfræðingum á sviði vinnuumhverfis á Norðurlöndum. Til viðbótar við almenn viðfangsefni NIVA þarf stofnunin að búa sig undir að mæta sérstökum áskorunum á næstu árum. Þess á að sjá stað í verkefnum NIVA á tímabilinu og á einkum við um: Framlengdan starfsferil, líkamlegt vinnuálag, áhrif vinnuumhverfis á gæði, afköst og efnahag, skipulagslegar og sálfélagslegar áhættur, nýja tækni að meðtalinni stafvæðingu, slysavarnir og öryggismál, áður óþekkta áhættu af skaðlegum eignum og ný skipulagsform og ráðningarform.